


Örn sagðist vera svolítið í þessu gamla. Höfðaletrið, þetta sérstaka íslenska letur notar hann mikið. Ask hefur hann smíðað og lár er á smíðabekknum, einnig kistill með tappalæsingu. Langspilinu kynntist hann ein litlu jólin þegar Örn Magnússon kom og lék á það. Hann heillaðist af hljóðfærinu, fékk lánað langspilið og smíðaði eitt eftir því. Nú í vetur eru 7 nemendur hjá Erni að smíða langspil. Nemendurnir skera fyrst út hausinn, Örn undirbýr smíði kassans með því að sníða til efnið og formbeygja, svo koma nemendurnir tvo laugardaga og setja saman langspilið og ganga frá.

Á borðinu við útidyrnar liggja tvö langspil. Leikið er á langspil með boga og er bogastrengurinn úr hrosshári, það verður að vera taglhár af meri. „Til að hlusta á það þá verður þú að leggja við hlustir, þetta er ekkert svona rafmagnað, þú verður að hlusta og svo er þetta íslenskt.“ Í lok viðtalsins gekk Örn að langspilinu og spiðaði lagstúf.

Anna Lilja Jónsdóttir



Útsending Brýnis á netinu

Aðalfundur FÁT ákvað að útsending á Brýninu verði þannig að þeir sem eru með tölvupóst fá það sent sem PDF-skjal nema þeir biðji sérstaklega um að fá það í pósti. Póstburðargjald hefur verið eitt af stærri útgjaldaliðum félagsins og þetta er því viðleitni til að lækka kostnað og geta þá frekar beint fjármagni í annað. Þeir sem ekki hafa netfang fá Brýnið sent í pósti.

Vorferð FÁT

Farið verður í vorferð laugardaginn 19. maí og stefnan tekin á Borgarfjörð. Í Borgarnesi verður Landnámssetrið skoðað og Byggðasafnið þar sem áhugaverð skurðverk eru, m.a. eftir Guðmund Böðvarsson skáld frá Kirkjubóli. Einnig verður komið við á Hvanneyri. Meira um þetta í tölvupósti eftir vorsýninguna hjá okkur.

Þeir félagsmenn sem ekki hafa greitt félagsgjald síðustu tvö árin munu ekki fá Brýnið sent. Þó nokkur kostnaður fylgir því að útbúa og senda Brýnið og því verðum við að grípa til þessara ráðstafana.

Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
2. töl. 17. árgangur 2012



Frá formanni

“Vorið er komið og grundirnar gróa”. Já, vorsýning er á næsta leyti sem er eins og vorboðinn. Það hefur verið stefna stjórnar FÁT að óska eftir skurðverkum á vorsýninguna sem endurspeglar þá breidd sem á að vera í félagi sem þessu. Innan félagsins eru einstaklingar sem hafa áratuga reynslu af tréskurði og fjölmörg námskeið að baki og eins einstaklingar sem eru að stíga sín fyrstu skref í tréskurði.

Stjórn FÁT vill gjarnan sjá byrjendaverk og verk eftir þá sem lengra eru komnir. Öll erum við meistara miðað við okkur sjálf. Þitt skurðverk er því áhugavert og óskað eftir því. Stjórnin ákvað að miða við að hver og einn legði ekki fleiri en þrjú skurðverk til sýningar og markmiðið er að skurðverkin hafi ekki verið áður á sýningu hjá okkur.

Örn Sigurðsson verður okkar heiðurssýnandi. Örn hefur sinnt tréskurði í mörg ár og hjá honum hafa mjög margir hlotið leiðsögn í tréskurði. Örn og Anna Lilja Jónsdóttir eru þau sem síðast útskrifuðust sem sveinar frá Iðnskólanum í Reykjavík. Það er því ánægjulegt að það skuli vera Anna sem tekur viðtalið við Örn, hér í Brýninu.

Í vetur hefur verið hefðbundin dagskrá á vegum félagsins en þó með þeirri áherslubreytingu að Bjarni Þór Kristjánsson hefur leiðbeint á brýningarnámskeiðum á vegum félagsins. Góð aðsókn var og ljóst að brýningarnámskeið verður í boði næsta vetur.

Vorferð var farin á síðasta ári og í maí verður farið um Borgarfjörð og Borgarnes. Reiknað er með að koma við í Landnámssetrinu og Byggðasafninu (þar eru skurðverk m.a. eftir Guðmund Böðvarsson skáld frá Kirkjubóli). Til stóð að koma við í Brúðuheimum en búið er að loka þeirri starfsemi. Hvanneyri verður einnig heimsótt.

Næsta Brýni kemur síðan út í haust. Geðilegt sumar!

Með bestu kveðjum, Sigurjón

Vorsýning FÁT í Gerðubergi 14. og 15. apríl

Félagsmenn er hvattir til að koma með skurðverk á vorsýninguna
Föstudaginn 13. apríl í Gerðubergi kl. 17

Örn Sigurðsson myndskeri



Heiðurssýnandi á vorsýningu F.Á.T. að þessu sinni er Örn Sigurðsson húsgagnasmíðameistari og myndskeri. Tíðindamaður Brýnisins heimsótti Örn á verkstæði hans að Hamraborg 1.

Verkstæðinu er haganlega fyrir komið, fallegur útskurður á einum veggnum og á borði við dyrnar lágu langspil.

Örn lærði húsgagnasmíði hjá Ragnari Haraldssyni og lauk prófi 1965. Ragnar var með verkstæði í Smáibúðahverfinu en flutti svo í Auðbrekku í Kópavogi. Að námi loknu langaði Örn að vinna úti við og réði sig því sem smíð við að byggja blokk í Hafnarfirði.

Árið 1968 fór hann að vinna hjá tendaföður sínum Guðmundi Grímssyni að Laugavegi 100. Þar lærði hann allt þetta gamla handverk, eins og póleringu og sveigðar lappir rokokkó lappir, og hafði mjög gaman af því. Á verkstæðinu var smíðað töluvert af húsgögnum þegar Örn byrjaði þar t.d. pianóbekkir, svokallaðar rennibrautir sem eru stólar með útsaumi, borð o.fl. Margt af þessu var útskorið og var Örn sendur með hlutina til útskurðarmannanna Sveins Ólafssonar og Friðriks Friðleifssonar. Hann kynntist útskurðarmönnum og hafði gaman af að sjá þá vinna. Örn sagði að þeir hefðu verið með sitthvorn stílinn í útskurði og auðþekkt það sem Friðrik hafði skorið út og það sem Sveinn hafði skorið út bara á handbragðinu, þeir nálguðust verkið aðeins öðruvísi.



Brýnið

Fréttabréf Félags áhugamanna um tréskurð
Hólshraun 5 220 Hafnarfjörður
Netfang: silo@mmedia.is
Heimasíða: treskurdur.muna.is
Ritstjórn er stjórn félagsins

Erni datt í hug að það gæti verið gaman að skera út og fór í Brynju og keypti útskurðarjárn. Hann ætlaði að fara að skera en þá átti eftir að brýna. Hann reyndi að brýna en það gekk ekki nógu vel svo hann sá að hann þyrfti að læra þetta. Síðan sá hann sýningu hjá Hannesi Flosasyni, nemendasýningu á Skólavörðuholtinu, leist bara mjög vel á og skráði sig hjá honum. Örn var í skurðlistaskóla Hannesar í mörg ár á laugardögum, en var ekki duglegur við stigin. Hann var alltaf að vinna önnur útskurðarverkefni og komst upp með að klára ekki stigin, lauk bara tveimur.

Friðrik hafði samband við Örn til að vita hvort hann þekkti einhvern efnilegan útskurðarmann því hann var búinn að missa heilsuna og vildi selja verkstæðið sitt. Úr varð að Örn keypti verkstæðið og ætlaði Friðrik að kenna honum þannig að hann gæti tekið próf í iðngreininni, en honum entist ekki aldur til þess. Örn lærði mikið á þeim stutta tíma sem Friðrik hafði til að kenna honum. Hvernig standa ætti að því að vinna svo hægt væri að auka hraðann, um brýnslu og fleira. Alltaf blundaði löngunin í að taka prófið og fór Örn í nám hjá Sveini Ólafssyni í Iðnskólanum og tók í framhaldi af því sveinspróf í myndskurði árið 2000, ásamt Önnu Lilju Jónsdóttur. Þá voru 46 ár frá því síðast útskrifaðist sveinn í myndskurði.

Örn tók við verkstæðinu af tengdaföður sínum þegar hann dó árið 1979 og flutti verkstæðið að Hamraborg 1 árið 2007. Það hefur haldist fram á þennan dag að smíða húsgögn á verkstæðinu. Mest eru það rennibrautirnar og stundum pianóbekkir. Útskornar gestabækur með trélömum sem ættaðar eru af verkstæði Friðriks eru enn framleiddar.

Útskurðarverkefnin eru alltaf einhver, stærstu verkin á því sviði hafa verið útskurður á Landshöfðingjahúsið við Hallveigarstíg, þegar það var endurgert í upphaflegri mynd, og útskurður á stólum í baðstofu iðnaðarmanna þegar hún var endurgerð eftir brunann. Örn kennir útskurð, hann byrjaði fyrir tuttugu árum, að leiðbeina öldruðum í félagsmiðstöðinni í Bólstaðarhlíðinni og var þar í tvö eða þrjú ár. Síðan kenndi hann hjá Mími símenntun í nokkur ár með eitt til tvö námskeið á vetri. Örn smíðaði góða útskurðarbekki fyrir nemendur og hefur síðustu árin kennt útskurð á verkstæðinu hjá sér, fyrst á Laugaveginum og síðan í Hamraborginni. Núna eru 3 hópar, sem koma einu sinni í viku og eru þrjá tíma í senn. Nemendur skera margskonar hluti og oft stór verk og er Örn þeim innan handar með útvegum efnis og smíðar. Það er alltaf nemendasýning á vorin og eftir að Örn kom í Hamraborgina hafa litlu jólin verið haldin hátíðleg.

